

Menntaskólinn í Kópavogi

Upphaf haustannar 2020



Ágætu nemendur og forráðamenn

Til að fylgja reglum sóttvarnalæknis um fjöldatakmarkanir og fjarlægð á milli fólks er miðað við að nám bóknámsnemenda í Menntaskólanum í Kópavogi fari að mestu fram sem fjarnám með reglulegri staðbundinni kennslu innan veggja skólans.

Enn er unnið að frekari útfærslu þessa skipulags og þá aðallega að því að skipta skólanum upp í sóttvarnarhólf svo skólastarfið geti farið fram innan lögboðinna sóttvarna. Teikning af skólanum og nákvæm útfærsla á hólfaskiptingu mun liggja fyrir á föstudag og þurfa nemendur að velja sér inngang í skólann miðað við þá skiptingu. Nánar á heimasíðu skólans www.mk.is

Með því að skipta skólanum upp í smærri 100 manna sóttvarnarými er lokað fyrir flæði á milli nemenda nema rétt á meðan þau færa sig á milli rýma. Það þýðir að sameiginleg rými skólans eru lokað og einungis er leyft að ganga á milli rýma með tryggða 1 m fjarlægð á milli nemenda. Nemendur mega ekki safnast saman í sameiginleg rými sem verða lokað.

Mötuneyti skólans verður lokað fyrir nemendur fyrstu vikur haustannar þar til samkomuheimildir verða rýmkaðar.

BÓKNÁM DAGSKÓLI

Nemendum skólans hefur nú verið skipt í tvennt út frá fyrsta staf í fornafni.

Nemendur með nafn sem byrjar á *A til og með H* tilheyra Hópi A og mæta í fyrstu kennsluviku og áfram allar vikur frá skólabyrjun sem liggja á oddatölu. Nemendur með nafn sem byrjar á *I til Ö* mæta í viku 2 og áfram þær vikur sem liggja á sléttum tölum. Öndverður hópur verður í fjarnámi á meðan. Þannig mæta allir nemendur í sjálfu sér í allar sínar kennslustundir, annað hvort í staðnámi eða fjarnámi.

Mætingar verða skráðar hjá öllum alltaf – hvort sem nemandinn sækir kennslustund í skólanum eða við tölvuna heima.

Dæmi: Haraldur Haraldsson tilheyrir hópi A og mætir þá í viku 1 dagana 24. til 28. ágúst

Ingibjörg Ingudóttir er þannig í hópi B og mætir þá í viku 2 dagana 31. ágúst til 4. september

Svona gengur þetta koll af kolli miðað við óbreyttar forsendur.

En nemendur mæta ekki í allar kennslustundir þá viku sem þau geta mætt í skólann. Þau mæta EINUNGIS í tvöföldu tímum í hverjum áfanga. Aðra tíma vikunnar eru þau í fjarnámi sem þau sinna skv. stundatöflu.

Dæmi:

Jón Jónuson mætir í viku 2: 31. ágúst til 4. september (Hann er í Hópi B)

		Vika 34				
oldi tíma í toflu: 30	Einingar: 37	Mánudagur 17.08.2020	Þriðjudagur 18.08.2020	Miðvikudagur 19.08.2020	Fimmtudagur 20.08.2020	Föstudagur 21.08.2020
08:00		08:15-09:10 Kennarafundur	08:15-09:10 ÍSLE2BA05 (2) SAP N105	08:15-09:10 STÆR2BC05 (2) HR N203	08:15-09:10 JARD2BA05 (2) BK N105	08:15-09:10 DANS2BA05 (3) SRR S203
09:00		09:15-10:10 STÆR2BC05 (2) HR N203	09:15-10:10 ÍSLE2BA05 (2) SAP N105	09:15-10:10 STÆR2BC05 (2) HR N203	09:15-10:10 ÍSLE2BA05 (2) SAP N105	09:15-10:10 DANS2BA05 (3) SRR S203
10:00		10:25-11:20 ÍSLE2BA05 (2) SAP N105	10:25-11:20 JARD2BA05 (2) BK N105	10:25-11:20 LÆSI1AA10 (6) ET N209	10:25-11:20 STÆR2BC05 (2) HR N203	10:25-11:20 ENSK2BA05 (2) HSI N105
11:00		11:25-12:20 Verkefnatími nemenda með kennara	11:25-12:20 JARD2BA05 (2) BK N105	11:25-12:20 LÆSI1AA10 (6) ET N209	11:25-12:20 Verkefnatími nemenda með kennara	11:25-12:20 ENSK2BA05 (2) HSI N105
12:00		12:20-13:00 Hádeggi	12:20-13:00 Hádeggi	12:20-13:00 Hádeggi	12:20-13:00 Hádeggi	12:20-13:00 Hádeggi
13:00		13:00-13:55 LÆSI1AA10 (6) N209	13:00-13:55 DANS2BA05 (3) SRR S203	13:00-13:55 LÆSI1AA10 (6) N209	13:00-13:55 LÆSI1AA10 (6) ET, GB N209	13:00-13:55 JARD2BA05 (2) BK N105
14:00		14:00-14:55 LÆSI1AA10 (6) GB N209	14:00-14:55 ENSK2BA05 (2) HSI N105	14:00-14:55 ENSK2BA05 (2) HSI N105	14:00-14:55 LÆSI1AA10 (6) ET, GB N209	
15:00		15:05-16:00 LÆSI1AA10 (6) GB N209		15:05-16:00 DANS2BA05 (3) SRR S203	15:05-16:00 NEM11AA01 (5) AK N202	
16:00						16:05-17:00 Ï=RO1AA01SP (1)
17:00						

Mætingar hans eru því á eftirfarandi dögum:

Mánudag er hann í tvöföldum tíma í læsi kl 14:00

Þriðjudag er mæting í íslensku kl 8:15 og áfram í jarðfræði kl 10:25, hvort tveggja tvöfaldir tímar.

Miðvikudag er mæting í tvöfaldan tíma í stærðfræði kl 8:15 og svo læsi kl 10:25

Fimmtudag: enginn tvöfaldur tími og því engin mæting í skólann

Föstudag: mæting kl 8:15 í tvöfaldan tíma í dönsku.

Þess á milli er nemandinn við tölvu í fjarnámi.

Fjarnámið er sett upp með eftirfarandi hætti:

Allt fjarnám fer fram í gegnum Teams og Moodle. Microsoft Teams er hluti af Office 365 pakkanum og notum við Teams til samskipta, bæði fyrir rafrænar kennslustundir og fyrir smáskilaboð.

Nemendur eiga að vera skráðir inn í sinn áfanga á Teams skv. stundatöflu alla daga. Kennarar setja nánar upp fyrirkomulag fjarnámsins innan þessa ramma.

Námsráðgjöf

Við leggjum áherslu á að nemendur hafi gott aðgengi að náms- og starfsráðgjöfum skólans og er hægt að panta tíma eða leita til þeirra á eftirfarandi netföngum:

Guðrún Helgadóttir gudrun.helgadottir@mk.is

Ingibjörg Þórdís Þórisdóttir hordis.thorisdottir@mk.is

Helga Lind Hjartardóttir helga.lind.hjartardottir@mk.is

Námsráðgjafar skólans verða á svæðinu alla daga á meðan skólinn starfar og því geta nemendur ávallt leitað til þeirra en nauðsynlegt er þó að bóka viðtal áður en komið er til að tryggja að ekki safnist nemendur fyrir framan á meðan beðið er eftir að hitta námsráðgjafa.

Bókasafn

Bókasafn skólans er opið og geta nemendur komið þangað og leitað gagna, fengið aðstoð eða, ef aðstæður eru þannig heima fyrir, sinnt fjarnámi að hluta eða öllu leyti frá bókasafninu. Við hvetjum nemendur eindregið til að nýta sér þessa þjónustu, með þeim fyrirvörum þó að aðsókn fari ekki upp fyrir samkomuheimild á hverjum tíma. Nemendur verða að skrá sig inn á safnið í afgreiðslu bókasafnsins, þetta er auðvitað til að auðvelda smitrakningu komi til þess að nemandi eða starfsmaður skólans sýkist af covid-19.

Mestu máli skiptir að þið hafið samband við okkur í skólanum ef eitthvað er, við erum boðin og búin að aðstoða.

Það er áriðandi að hafa í huga að þótt skipulag haustannar sé sett upp með þessum hætti núna er það von okkar að úr rætist fyrr en síðar og við fáum frekara rými til að taka á móti fleiri nemendum í skólann í fleiri kennslustundir og helst að skólastarf verði með hefðbundnum hætti.

Það er heldur ekki loku fyrir það skotið að við aðlögum og bætum þessa áætlun okkar ef ástæða er til.

Mestu máli skiptir að undirbúa sig fyrir það versta en vonast eftir því besta.

Verknám, framreiðsla og bakstur

Kennsla skv. stundaskrá, nemendur mæta í allar kennslustundir.

Verknám matreiðsla

Fyrsta ár: Mætir í alla verklega tíma (VMAT1IB06) en kennsla í bóknámi fylgir A og B skiptingu bóknáms sbr. hér að ofan.

Annað ár: Mætir í alla verklega tíma en bóklegu áföngunum, hráefnisfræði (HRFM2IB05), aðferðarfræði matreiðslu (AÐFE2IB05) og kalda eldhús (Kald1IB03) verður skipt upp í hópa skv. nánara skipulagi.

Þriðja ár: Mætir í alla verklega tíma en bókleg kennsla í eftirréttum (EFRÉ3IB05) verður hópaskipt skv. A og B reglu þar sem helmingur nemenda er á staðnum og helmingur í fjarnámi viku og viku í senn.

Ef einhverjir nemendur á öðru eða þriðja ári í verknámi eru í almennum greinum (íslensku, ensku, stærðfræði, næringarfræði) fylgja þeir skiptingu bóknáms sbr. hér að ofan.

Afrekssvið

Nemendur á afrekssviði fá skilaboð frá deildarstjóra afrekssvið um hvernig kennslu á sviðinu verður háttað. Daði Rafnsson deildarstjóri: daði.rafnsson@mk.is

Nýnemar athugið – hópstjóri læsis sendir nánari útfærslu á kennslufyrirkomulagi.

Matartækni/matsveinar: *Kennt alla daga skv. stundatöflu*

Leiðsöguskólinn: *Kennt alla daga skv. stundatöflu*

Ferðamálaskólinn: *Kennt alla daga skv. stundatöflu*

Meistaraskólinn: *Áfangastjóri verknáms sendir nánari upplýsingar um hvernig kennslu verði háttað í meistaraskólanum*

Starfsbraut: *Kennsla á starfsbraut skólans er að mestu leyti með hefðbundnum hætti.*

Nemendur fá nánari upplýsingar um hvernig fyrirkomulag íprótta verður eftir helgina.